

Reglur um umsjónarmann áhættustýringar Byggðastofnunar

1. gr.

Þessar reglur eru settar í samræmi við 77. gr. b. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er varðar áhættustýringu fjármálafyrirtækja, sbr. lög nr. 38/2022. Þar sem starfsemi Byggðastofnunar réttlætir ekki sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar mun annar starfsmaður hafa umsjón með áhættustýringu Byggðastofnunar. Sá starfsmaður kallast umsjónarmaður áhættustýringar.

2. gr.

Umsjón með áhættustýringu Byggðastofnunar skal vera í höndum sérfræðings á rekstrarsviði Byggðastofnunar sem er umsjónarmaður áhættustýringar og heyrir sem slíkur beint undir forstjóra Byggðastofnunar en að öðru leyti undir forstöðumann rekstrarsviðs. Umsjónarmaður áhættustýringar skal njóta sjálfstæðis í störfum sínum og hafa umsjón með áhættustýringu stofnunarinnar. Umsjónarmaður áhættustýringar, með eða án þátttöku forstjóra, skal kynna fyrir stjórn öll tilvik sem falla undir hans verksvið og hann álitur að haft geti alvarlegar afleiðingar fyrir stofnunina.

3. gr.

Forstjóri ræður umsjónarmann áhættustýringar og tilkynnir stjórn Byggðastofnunar um ráðningu. Senda skal tilkynningu um ráðningu nýs umsjónarmanns áhættustýringar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Stjórn Byggðastofnunar skal staðfesta starfslok umsjónarmanns áhættustýringar, hvort sem þau verða að eigin ósk eða samkvæmt ákvörðun forstjóra. Umsjónarmaður áhættustýringar hefur rétt á því að koma á fund stjórnar þar sem fjallað er um starfslok hans og gera grein fyrir sínum sjónarmiðum án aðkomu forstjóra. Starfslok umsjónarmanns áhættustýringar skulu alltaf tilkynnt Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem og endurskoðendum stofnunarinnar.

5. gr.

Umsjónarmaður áhættustýringar skal hafa aðgang að öllum upplýsingum og gögnum sem hann telur nauðsynlegt til þess að geta sinnt skyldum sínum. Hann skal jafnframt hafa beinan og milliliðalausan aðgang að stjórn stofnunarinnar, án aðkomu forstjóra. Hann skal leggja fyrir stjórn skýrslu um framkvæmd áhættustýringar svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en árlega.

6. gr.

Áhættustýring skal sjá til þess að greining, mæling og skýrslugjöf um áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis fari fram og sé fullnægjandi, þ.m.t. skýrslur til stjórnenda og eftirlitsaðila. Áhættustýring skal taka virkan þátt í mótun áhættustefnu fjármálafyrirtækis og hafa aðkomu að viðameiri ákvörðunum um áhættustýringu. Áhættustýring skal hafa heildstæða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækis.

Starfssvið áhættustýringar skal tryggja að skilvirk verkferli vegna áhættustýringar séu til staðar innan fjármálafyrirtækis.

Slík skjalfest verkferli skulu m.a. skýra hlutverk áhættustýringar vegna eftirfarandi efnispáttá:

- Stefna fjármálafyrirtækis og ákvarðanatoka
- Viðskipti við tengda/venslaða aðila (e.related parties)
- Flækjustig í tengslum við lagalega uppbyggingu fjármálafyrirtækisins
- Mikilsháttar breytingar er hafa áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis
- Mælingar og mat á áhættuþáttum
- Vöktun á áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis
- Ósamþykktar áhættuskuldbindingar

7. gr.

Verkefni umsjónarmanns áhættustýringar eru eftirfarandi (ekki tæmandi):

- að fylgjast með að markmiðum og stefnum í áhættustefnu stofnunarinnar sé fylgt
- að taka út fylgni við verklagsreglur stofnunarinnar
- að fylgjast með því að innri ferlar Byggðastofnunar taki tillit til áhættuþátta skv. 78. gr. a – 78. gr. i eftir því sem við á.
- að flytja stjórn skýrslu um framfylgd áhættustýringar (ICAAP) fyrir lok apríl ár hvert.

8. gr.

Umsjónarmaður áhættustýringar skal ekki sinna eftirfarandi verkefnum:

- verkefni sem fela í sér stjórnvaldsákvörðun
- seta í lánanefnd, vanskilaneftnd, áhættumatsnefnd, aflamarksnefnd eða öryggisnefnd
- greining lánamála og löginnefndu
- forstöðumenn sviða skulu ekki sinna starfi umsjónarmanns áhættustýringar

9. gr.

Verklagsreglur þessar skal yfirfara að minnsta kosti árlega og uppfæra ef við á og leggja fyrir stjórn Byggðastofnunar til samþykktar. Séu engar breytingar gerðar verði verklagsreglurnar lagðar fyrir stjórn til staðfestingar.

Samþykkt á fundi stjórnar Byggðastofnunar 20. janúar 2023.